

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

114. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 29. nóvember 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Sóknaráætlun landshluta – kynning:
3. Erindi frá sóknarnefnd Nessóknar:
4. Erindi frá Félagi sumarhúsaeigenda í Lundsskógi:
5. Erindi frá samstarfshópi um leiksvæði við Bárðargil:
6. Bréf frá deildarstjórum og leikskólakennara leikskóladeilda Pingeyjarskóla:
7. Samningur um rannsóknar- og virkjunarleyfi:
8. Drög að samþykkt um búfjárhald í Pingeyjarsveit – athugasemdir:
9. Fundargerð Fræðslunefndar frá 26.11.2012:
10. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.11.2012:
11. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.11.2012:
12. Fundargerð Bruna- og eldvarnarnefndar frá 22.11.2012:
13. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og árin 2014-2016 – fyrri umræða:

Til kynningar:

- a) Fundargerð hluthafafundar Sorpsamlags Pingeyinga ehf. frá 19.11.2012:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Friðrika Sigurgeirsdóttir boðaði forföll.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 9. lið; Samkomulag milli Pingeyjarsveitar og Tjörneshrepps og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

2. Sóknaráætlun landshluta – kynning:

Hólmfríður Sveinsdóttir stjórnsýslufræðingur og verkefnisstjóri Sóknaráætlun landshluta mætti til fundarins og kynnti verkefnið.

Sóknaráætlun landshluta er eitt af samvinnuverkefnum Stjórnarráðsins, unnið út frá framtíðarsýn og stefnu ríkisstjórnarinnar, Ísland 2020. Markmiðið er að stuðla að umbótum í úthlutun almannafrjá, framförum í samskiptum stjórnsýslustiga og nýsköpun í opinberri stjórnsýslu. Oddviti Skútustaðahrepps sat fundinn á meðan á kynningu stóð.

3. Erindi frá sóknarnefnd Nessóknar:

Lagt fram erindi ásamt kostnaðaráætlun frá sóknarnefnd Nessóknar dags. 19. nóvember s.l. Óskað er eftir framlagi frá sveitarfélaginu að upphæð 1959 þúsund vegna stækkunar á kirkjugarðinum í Nesi sem er lögbundið framlag sveitarfélagsins skv. lögum um kirkjugarða nr. 36/1993.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar 2013.

4. Erindi frá Félagi sumarhúsaeygenda í Lundsskógi:

Lagt fram erindi frá Félagi sumarhúsaeygenda í Lundsskógi dags. 15. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið komi á móts við félagið varðandi greiðslu á snjómokstri.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

5. Erindi frá samstarfshópi um leiksvæði við Bárðargil:

Lagt fram erindi frá samstarfshópi um leiksvæði við Bárðargil þar sem óskað er eftir fjárframlagi frá sveitarfélaginu að upphæð 294 þúsund vegna framkvæmda á leiksvæði við Bárðargil. Einnig er óskað eftir að sveitarfélagið felli niður reikning vegna flutnings á möl. Þar sem flutningurinn og áætluð framkvæmd 2013 rúmast innan áður samþykktu fjárheimilda samþykkir sveitarstjórn erindið og vísar áætlaðri framkvæmd til gerðar fjárhagsáætlunar 2013.

6. Bréf frá deildarstjórum og leikskólakennara leikskóladeilda Þingeyjarskóla:

Lagt fram bréf frá deildarstjórum og leikskólakennara Barnaborgar, Lækjarborgar og Krílabæjar dags. 19. nóvember s.l. þar sem mælt er með að sveitarstjórn endurskoði nefndarskipan stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit og gangi ekki fram hjá fólki sem hefur sérþekkingu á þeirri menntun og þjónustu sem þessum skólum er ætlað að veita. Sveitarstjórn þakkar bréfið. Hlutverk stýrihópsins er að sjá til þess að skólastefna verði unnin og hafa verkstjórn á hendi í þeirri vinnu. Aldrei hefur annað staðið til en að nemendur, starfsfólk og foreldrar komi að því ferli. Sveitarstjórn vonast eftir góðu samstarfi allra viðkomandi í þessu verkefni.

7. Samningur um rannsóknar- og virkjunarleyfi:

Lagður fram samningur um rannsóknar- og virkjunarleyfi um möguleika þess að virkja Gönguskarðsá og Hólsá í Þingeyjarsveit. Samningurinn er gerður á milli SSB ehf., sem framkvæmdaaðila og tiltekinna landeygenda/vatnsréttarhafa, sem leyfisveitenda. Afgreiðslu frestað.

8. Drög að samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit – athugasemdir:

Teknar fyrir tvær athugasemdir sem borist hafa sveitarstjórn vegna draga að samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit.

Athugasemd frá Daða Lange f.h. Landgræðslu ríkisins. Daði gerir athugasemd við að fyrri samþykkt um lausagöngu stórgripa í Aðaldal verði felld úr gildi og leggur til að lausaganga stórgripa verði bönnuð í Þingeyjarsveit. Daði vísar til úttektar Landgræðslunnar og Búgarðs á Pegjandadal þann 17. nóvember árið 2011.

Athugasemd frá meirihluta landeigenda og/eða ábúenda á jörðum sem land eiga að Múlaheiði, Þegjandadal og Þorgerðafjalli í Aðaldal. Þeir mótmæla afnámi lausagöngubanns í Aðaldal og vísa í mat Landgræðslunnar frá því í fyrra. Einnig vill hluti landeigenda og/eða ábúenda banna lausagöngu alls búpenings samkvæmt skilgreiningu á lausagöngu, þ.e. að eigandi beri ábyrgð á sínum búpeningi.

Árni Pétur kom fram með eftirfarandi tillögu sem var borin upp og samþykkt:

„Að haldinn verði íbúafundur og til hans verði boðaðir fulltrúar Bændasamtakanna, Landgræðslu ríkisins og tryggingarféлага og farið verði yfir hvað felst í lausagöngu búfjár og hvað felst í banni við lausagöngu búfjár. Gefinn verði kostur á umræðum og fyrirspurnum“.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirbúa fundinn.

9. Samkomulag milli Þingeyjarsveitar og Tjörneshrepps:

Samkomulag milli Þingeyjarsveitar og Tjörneshrepps um eignarhluta Tjörneshrepps í Hafralækjarskóla og Ýdolum í Aðaldal.

Sveitarstjórn staðfestir samkomulagið.

10. Fundargerð Fræðslunefndar frá 26.11.2012:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 26. nóvember s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar 2013.

11. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.11.2012:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20. nóvember s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Varðandi 2. lið; Fjárhagsáætlun, samþykkir sveitarstjórn að ráðinn verði æskulýðs- og tómstundafulltrúi í allt að 33% starfshlutfall.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar 2013.

12. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.11.2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22. nóvember s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

1. liður; Brekka, Aðaldal. Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis og íbúðabyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að annast málsmeðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. liður; Sandur 1 og 3 í Aðaldal. Skipting lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að tilkynna breytta skráningu til Fasteignaskrár.

4. liður; Stafnsjarðir. Landskipti.

Sveitarstjórn samþykkir landskiptin og felur byggingarfulltrúa að tilkynna breytta skráningu til Fasteignaskrár.

7. liður; Brún Reykjadal. Bílageymsla.

Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

13. Fundargerð Bruna- og eldvarnarnefndar frá 22.11.2012:

Lögð fram fundargerð Brunavarnar- og eldvarnarnefndar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps frá 22. nóvember s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar 2013.

14. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og árin 2014-2016 – fyrri umræða:

Fjárhagsáætlun 2013 tekin til umræðu. Fjármálastjóri mætti til fundarins undir þessum lið. Fjárhagsáætlun rædd og vísað til síðari umræðu.

Til kynningar:

- a) Fundargerð hluthafafundar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 19.11.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir